

Nd.

**304. Nefndarálit**

[97. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Brekkuborg í Breiðdalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, kynnt sér umsagnir jarðeignadeildar og Landnáms ríkisins, báðar jákvæðar, og mælir með samþykkt þess.

Formanni nefndarinnar hafa borizt tilmæli frá Marinó Jóhannssyni og Kristbirni Jóhannssyni, bændum á Tunguseli í Sauðaneshreppi, um að afla lagaheimildar til að selja þeim eyðijörðina Þorsteinsstaði þar í hreppi. Nefndinni bárust umsagnir frá hreppsnefnd Sauðaneshrepps, jarðeignadeild og Landnámi ríkisins, allar jákvæðar. Mælir nefndin einnig með því, að heimiluð verði sala Þorsteinsstaða. Umsagnir eru prentaðar með nefndaráliti þessu sem fylgiskjöl.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Marinó Jóhannssyni og Kristbirni Jóhannssyni, Tunguseli, Sauðaneshreppi, jörðina Þorsteinsstaði í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

Kaupendum er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jörðina eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Brekkuborg í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi.

Alþingi, 1. febr. 1972.

Stefán Valgeirsson,  
form.

Ágúst Þorvaldsson,  
fundaskr.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
frsm.

Gunnar Gíslason.

Benedikt Gröndal.

Jón Snorri Þorleifsson.

**Fylgiskjal I.**

**LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ**

Reykjavík, 13. desember 1971.

Háttvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar hefur leitað umsagnar landbúnaðarráðuneytisins á framkomnu frumvarpi um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Breiðdalshreppi kirkjujörðina Brekkuborg í Breiðdal.

Eins og fram er tekið í greinargerð fyrir nefndu frumvarpi, hefur jörð þessi ekki byggzt, síðan Gísli Stefánsson lét þar af búskap vorið 1970.

Jörð þessi er sæmilega húsuð, bæði yfir fólk og fénað. Hún er vel í sveit sett, túnið er 5.6 ha að stærð og beitarland nærtækt og grasgefið. Auk þess fylgja henni nokkur hlunnindi, sem eru veiðiréttur í Breiðdalsá. Þrátt fyrir þessa aðstöðu hefur enginn fengið til að taka jörðina til ábúðar. Hefur hún verið leigð nágrannabændum til nytja.

Þar sem hreppsnefnd Breiðdalshrepps sækist eftir að eignast jörðina og ekki sjáanleg þörf ríkissjóðs að hafa áfram eignarhald á henni, fellst ráðuneytið fyrir sitt leyti á, að sala jarðarinnar verði heimiluð.

F. h. r.  
Sveinbj. Dagfinnsson.

Til  
landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

### Fylgiskjal II.

#### LANDNÁM RÍKISINS LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 15. 12. 1971.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur sent Landnámi ríkisins bréf, dags. 7. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga, mál 97, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Brekkuborg í Breiðdalshreppi, Suður-Múla-sýslu.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að oddvitinn í Breiðdalshreppi hefur farið þess á leit, að veitt verði lagaheimild til þess, að Breiðdalshreppur geti átt kost á að kaupa jörðina, en jörðin er nú í eyði.

Hreppsnefndin telur miklar líkur fyrir því, að auðið verði að leigja jörðina til ábúðar, ef hreppurinn eignast hana.

Í nýja fasteignamatinu, er væntanlega tekur gildi um næstu áramót, er Brekkuborg metin sem hér greinir:

Tún 5.6 ha .....	kr. 42 000.00
Land .....	— 61 000.00
Hlunnindi .....	— 22 000.00
Íbúðarhús frá 1939, 105 m <sup>3</sup> .....	— 123 000.00
Viðbygging .....	— 68 000.00
Útihús .....	— 217 000.00

kr. 533 000.00

Eins og sjá má af fasteignamatinu, er nokkur húsakostur á jörðinni. Hins vegar er ræktun mjög lítil.

Brekkuborg er nokkuð vel í sveit sett, nærri miðju dalsins að sunnan, en þar liggur vegur inn sveitina.

Jörðin á land að Breiðdalsá, en þar munu vera nokkrir fiskiræktarmöguleikar. Ræktanlegt land er talsvert, að visu ekki allt samfellt, og beitarskilyrði allgóð.

Verður því að telja, að Brekkuborg hafi möguleika sem framtíðarjörð fyrir eina fjölskyldu.

Innar í dalnum, að sunnan, eru nú 3 jarðir í byggð, og má ætla, að það sé nokkurt áfall fyrir byggðina að sunnanverðu, ef Brekkuborg fer í eyði.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu og áður er greint frá, er það vilji hreppsnefndar að kaupa jörðina, þar sem nefndin telur, að með þeim hætti

ætti að vera auðveldara að koma jörðinni í ábúð, heldur en að hún sé áfram í eigu ríkisins. Þessi röksemd hreppsnefndar Breiðdalshrepps virðist ekki sérlega sannfærandi, en engu að síður getur verið réttlætanlegt fyrir sveitarfélagið að eignast jörðina, m. a. vegna veiðihlunninda jarðarinnar.

Landnám ríkisins getur því eftir atvikum mælt með sölu Brekkuborgar.

Virðingarfyllst,

LANDNÁM RÍKISINS

Árni Jónsson.

### Fylgiskjal III

Fyrir hönd hreppsnefndar Sauðaneshrepps mæli ég með því, að bræðrunum Marinó Jóhannssyni og Kristbirni Jóhannssyni, Tunguseli, Sauðaneshreppi, verði seld jörðin Þorsteinsstaðir í sama hreppi, en Þorsteinsstaðir eru eyðijörð, húsalaus og túnlaus.

Marinó og Kristbjörn eru bræður og hafa búið á Tunguseli, ásamt foreldrum sínum, frá því er þeir komust á fullorðinsaldur. Faðir þeirra, Jóhann Lúther Grímsson, sem nú er 77 ára, mun senn láta af búskap og bræðurnir taka við Tunguseli.

Tungusel er fremur landlítil jörð og væri þeim nauðsynlegt að fá eignarrétt á Þorsteinsstöðum vegna beitjarlands þar. Veiðiréttur fylgir Þorsteinsstöðum og því hætta á, að peningamenn kunni að sækjast eftir þeim. Þorsteinsstaðir munu ekki byggjast sem bújörð, en eignarhald óviðkomandi aðila á jörðinni gæti orðið til þess, að byggð legðist af á Tunguseli.

Efra-Lóni, 24. nóv. 1971.

Sigurður Jónsson,  
oddviti Sauðaneshrepps.

### Fylgiskjal IV.

LANDNÁM RÍKISINS  
LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 9. 12. 1971.

Formaður landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 2. 12. 71, óskað eftir umsögn Landnáms ríkisins um fyrirhugaða sölu á ríkisjörðinni Þorsteinsstöðum í Sauðaneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, en frumvarp um sölu er væntanlegt á Alþingi á næstunni.

Með bréfi form. landbúnaðarnefndar neðri deildar er ljósrit af bréfi oddvita Sauðaneshrepps, dags. 24. 11. 71, þar sem kemur fram, að hreppsnefndin mælir með sölu Þorsteinsstaða til bræðranna Marinós og Kristbjarnar Jóhannssona í Tunguseli.

Þorsteinsstaðir eru húsalaust heiðabýli, sem ekki hefur verið í byggð um langan aldur. Jörðin liggur um 4 km sunnan við Tungusel, sem er innsta jörðin í byggð í Sauðaneshreppi. Þorsteinsstaðir eiga land að Hafralónsá að austan, og fylgja býlinu allmikil afréttarlönd, sem Tunguselsbændur hafa fyrst og fremst notað, en auk þess hafa heiðalönd jarðarinnar verið nytjuð sem afréttur fyrir Sauðaneshrepp.

Í nýja fasteignamatinu, er væntanlega tekur gildi um n. k. áramót, er land Þorsteinsstaða metið á kr. 5 000.00 og veiðihlunnindi á kr. 60 000.00 eða alls á kr. 65 000.00.

Ljóst er, að Þorsteinsstaðir hafa ekki næga landkosti til að bera sem framtíðar-bújörð, og verður því ekki endurbyggð, og vegna nálægðar hennar við Tungusel er eðlilegt að sameina hana Tunguseli, ef Sauðaneshreppur telur sér ekki hagkvæmt að kaupa hana af ríkissjóði sem afréttarland fyrir sveitarfélagið.

Eins og fyrr greinir, eru það bændur í Tunguseli, sem notað hafa land jarðarinnar, og sameining jarðanna breytir í raun og veru engu búskaparlega séð, öðru en að yfirráð jarðarinnar og hlunnindi færast á Tungusel.

Landnám ríkisins getur því mælt með sölu Þorsteinsstaða til bræðranna í Tunguseli í þeim tilgangi að sameina þessar jarðir.

Veiðihlunnindi Þorsteinsstaða geta boðið upp á auknar tekjur samhliða ræktun Hafralónsár, og getur sameining þannig treyst afkomu bænda í Tunguseli.

Virðingarfyllst,

LANDNÁM RÍKISINS  
Árni Jónsson.

Hr. alpm. Stefán Valgeirsson,  
form. landbúnaðarnefndar neðri deildar  
Alþingis.

Fylgiskjal V.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 13. desember 1971.

Þér hafið, herra alþingismaður, óskað umsagnar ráðuneytisins um frumvarp, sem þér hyggjst flytja um heimild til sölu á ríkisjörðinni Þorsteinsstöðum í Sauðaneshreppi.

Jörð þessi hefur um langan aldur verið í eyði.

Hreppsnefnd Sauðaneshrepps mælir með því, að ábúendum Tungusels verði seld jörðin til þess að bæta búrekstraraðstöðu í Tunguseli.

Þorsteinsstaðir eru afskekkt jörð, sem engar líkur eru til að byggist í sjálfstæða ábúð. Ríkissjóður á engar aðrar jarðir þarna í nánd.

Með vísan til þessa sér ráðuneytið ekkert, sem mælir gegn sölu jarðarinnar, og fellst því á fyrir sitt leyti, að sala jarðarinnar verði heimiluð.

F. h. r.

Sveinbj. Dagfinnsson.

Til  
formanns landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,  
Stefáns Valgeirssonar.